

**BORGARRÁÐ 11. október 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sundurliðaðar starfslýsingar hvers stöðugildis -R18070142**

Á fundi borgarráðs þann 11. október 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sundurliðaðar starfslýsingar hvers stöðugildis:

Vísað er til minnisblaðs skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um stöður og stöðuheiti í stjórnsýslu borgarinnar, dags. 13. sept. Óskað er eftir nákvæmum upplýsingum og sundurliðun á starfslýsingu hvers stöðugildis sem tilgreint er í minnisblaði þessu.

**Svar:**

Mannauðsdeild Ráðhúss var falið að taka saman svar við ofangreindri fyrirspurn og þann 1. júní sl. var gerð breyting á skipulagi í miðlægri stjórnsýslu og leggur því svið mannauðs- og starfsumhverfis fram svar þetta. Við vinnslu fyrirspurnarinnar var leitað til mannauðsdeilda fagsviða þar sem starfslýsingar hvers sviðs eru vistaðar.

Hjá Reykjavíkurborg starfa á hverjum tíma ríflega níu þúsund starfsmenn og sinna fjölbreyttri þjónustu og stjórnsýslu fyrir íbúa Reykjavíkur. Stór hluti af stjórnsýslu Reykjavíkurborgar er til húsa í Ráðhúsi Reykjavíkur og á Höfðatorgi.

Þann 1. júní tók gildi nýtt skipurit þar sem þrjú kjarnasvið voru stofnuð; mannauðs- og starfsumhverfissvið, fjármála- og áhættustýringarsvið og þjónustu og nýsköpunarsvið. Vinnu við gerð og uppfærslu starfslýsinga fyrir þessi nýju svið er ekki lokið og eru þær því ekki allar með í þessu yfirliti. Starfslýsingar eru unnar í samvinnu starfsmanns og næsta yfirmanns þar sem skjalfest er í hverju tiltekið starf er fólgið á hverjum tíma og til hvers er ætlast af viðkomandi starfsmanni.

Meðfylgjandi eru starfslýsingar þeirra stöðuheita sem heyra undir miðlægar skrifstofur fagsviðanna fimm auk miðlægrar stjórnsýslu.